

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1281**

2023/EES/63/06

frá 29. júlí 2019

**um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2014/245/ESB um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi
Brasilíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um
láshæfismatsfyrirtæki (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um láshæfismatsfyrirtæki (1),
einkum 6. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja jafngildisákvörðun, þar sem tekið er fram að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggi að láshæfismatsfyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða eru skráð í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem settar eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi. Til að teljast jafngildur þarf laga- og eftirlitsramminn að uppfylla að lágmarki skilyrðin sem sett eru fram í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.
- 2) Þann 28. apríl 2014 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun 2014/245/ESB (2) þar sem fram kemur að þessi þrjú skilyrði séu uppfyllt og talið sé að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu um láshæfismatsfyrirtæki jafngildi kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 sem var í gildi á þeim tíma.
- 3) Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu uppfyllir ennþá skilyrðin þrjú sem upphaflega var mælt fyrir um í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 (3) voru þó gerðar viðbótarkröfur til láshæfismatsfyrirtækja sem skráð eru í Sambandinu sem gerir laga- og eftirlitsfyrirkomulag um þessi láshæfismatsfyrirtæki strangara. Þessar viðbótarkröfur hafa m.a. að geyma lagalega bindandi reglur fyrir láshæfismatsfyrirtæki um matshorfur, stýringu hagsmunaaðrestra, trúnaðarkvöð, gæði aðferðafræði fyrir láshæfismat og framsetningu og birtingu láshæfismata.
- 4) Samkvæmt b-lið 1. liðar annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 462/2013 gilda viðbótarkröfurnar í þeim tilgangi að meta jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands frá 1. júní 2018.
- 5) Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórnin þann 13. júlí 2017 eftir ráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðs-
eftirlitsstofnuninni um jafngildi laga- og eftirlitsramma m.a. Brasilíu með þessum viðbótarkröfum sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 og álitni hennar á verulegu mikilvægi hvers konar munar.
- 6) Í tækniráðgjöf sinni sem birt var þann 17. nóvember 2017 komst Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu innihaldi ekki fullnægjandi ákvæði til að uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 462/2013.
- 7) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 462/2013 er innleidd skilgreining á matshorfum í w-lið 1. mgr. 3. gr. og í reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru tiltekna kröfur sem gilda um láshæfismöt nú rýmkaðar til að ná yfir matshorfur. Brasilíski ramminn viðurkennir ekki sérstaklega matshorfur sem aðgreindan og sérstakan lið láshæfismats en verðbréfa- og kaupþingsnefnd Brasilíu (Comissão de Valores Mobiliários) væntir þess að gerð matshorfa fylgi öllum sömu kröfum og samsvarandi láshæfismöt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 201, 30.7.2019, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 69.

(1) Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/245/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um láshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 65)

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um láshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1).

- 8) Með það fyrir augum að auka skilning á óhæði lánshæfismatsfyrirtækja gagnvart metnu einingunum rýmkar reglugerð (ESB) nr. 462/2013 gildissvið reglnanna um hagsmunaárekstra í 6. gr. (4. mgr.), 6. gr. a og 6. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1060/2006 svo þær nái til hagsmunaárekstra af völdum hluthafa eða aðila sem gegna mikilvægri stöðu innan lánshæfismatsfyrirtækisins. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki komi á fullnægjandi og skilvirkum skipulags- og stjórnáskilferlum til að koma í veg fyrir, greina, eyða, leiðrétta og birta upplýsingar um hvers konar hagsmunaárekstra. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu krefst þess þó ekki sérstaklega að lánshæfismatsfyrirtæki geri grein fyrir hagsmunaárekstrum í tengslum við hluthafa. Þar af leiðandi er ekki bannað að gefa út lánshæfismat einingar ef stjórnarmaður lánshæfismatsfyrirtækisins, eða hluthafi sem á meira en 10% hlutabréfa eða atkvæðisréttar í lánshæfismatsfyrirtækinu, á meira en 10% af hlutabréfunum í metnu einingunni. Það er heldur ekkert bann við því að einstaklingur eða eining sem á meira en 5% hlutabréfa eða atkvæðisréttar í lánshæfismatsfyrirtæki veiti einingu sem það lánshæfismatsfyrirtæki metur ráðgjöf eða ráðgjafarþjónustu.
- 9) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleidd ný ákvæði til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu aðeins notaðar í tilgangi sem tengist lánshæfismatsstarfsemi og séu verndaðar fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun. Í þeim tilgangi er þess krafist skv. 2. mgr. a í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 að lánshæfismatsfyrirtæki meðhöndli öll lánshæfismöt, matshorfur og tengdar upplýsingar sem innherjaupplýsingar þar til þær eru birtar. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu veitir því vernd gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga.
- 10) Reglugerð (ESB) nr. 462/2013 miðar að því að auka gagnsæi og gæði aðferðafræði mats. Hún innleiðir í 3. mgr. I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skyldu lánshæfismatsfyrirtækis til að veita metinni einingu tækifæri til að tilgreina mögulegar staðreyndavillur fyrirfram áður en lánshæfismat eða matshorfur eru birtar opinberlega. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu krefst þess ekki að lánshæfismatsfyrirtæki upplýsi metnu eininguna fyrir birtingu lánshæfismats.
- 11) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru innleiddar verndarráðstafanir í 5. mgr. a, aa- og ab-lið 6. mgr. og 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 til að tryggja að hvers konar breytingar á matsaðferðafræði hafi ekki í för með sér vægari aðferðafræði. Þrátt fyrir að tekið sé fram í laga- og eftirlitsramma Brasilíu að lánshæfismatsfyrirtæki ættu að veita eftirlitsaðilanum og markaðnum upplýsingar allar verulegar breytingar á aðferðafræði sinni er ekki að finna kröfur til lánshæfismatsfyrirtækja um að hafa samráð um breytingar á aðferðafræði eða að leiðrétta villur í aðferðafræði sinni. Á sama tíma og krafa er um að tilkynna um umfang metinna eininga sem verða fyrir áhrifum af breytingu á aðferðafræði er engin krafa um að gefa ástæðu fyrir henni eða tilkynna eftirlitsaðilanum.
- 12) Með reglugerð (ESB) nr. 462/2013 eru kröfurnar varðandi framsetningu og birtingu lánshæfismata auknar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. a I. undirþáttar D-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal lánshæfismatsfyrirtæki láta fylgja með við birtingu matsaðferðafræði, matslíkana og helstu lykilsenda mats skýrar og auðskiljanlegar leiðbeiningar sem skýra allar forsendur, stika, takmarkanir og óvissu varðandi líkönin og matsaðferðafræðina sem beitt er í lánshæfismatsferlinu. Laga- og eftirlitsrammi Brasilíu krefst þess að lánshæfismatsskýrslur innihaldi aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða lánshæfismatið til að tryggja að utanaðkomandi aðilar skilji rökin fyrir mati. Þar að auki er engin krafa um að gefa til kynna að lánshæfismat sé álit fyrirtækisins og að aðeins skuli treysta á það að takmörkuðu leiti.
- 13) Með það að markmiði að styrkja samkeppni og takmarka hagsmunaárekstra innan lánshæfismatsfyrirtækjageirans innleiðir reglugerð (ESB) nr. 462/2013 kröfur í II. undirþátt E-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 um að gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta fyrir lánshæfismöt og viðbótarþjónustu ættu að vera án mismununar og á grundvelli raunverulegs kostnaðar. Það krefst þess að lánshæfismatsfyrirtæki birti tiltekna fjárhagsupplýsingar. Þrátt fyrir að verðbréfa- og kaupþingsnefnd Brasilíu geti krafist upplýsinga vegna eftirlitsstarfsemi sinnar þá er þess ekki krafist í laga- og eftirlitsramma Brasilíu að lánshæfismatsfyrirtæki leggi fram verðlagningarstefnu hjá eftirlitsaðila eða birti hana almenningi. Þar að auki er engin krafa um að gjöld sem innheimt eru af viðskiptavinum skuli vera á kostnaðargrunni og án mismununar.
- 14) Í ljósi þeirra þátta sem rannsakaðir eru uppfyllir laga- og eftirlitsrammi Brasilíu ekki öll þau skilyrði um jafngildi sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Þar af leiðandi telst hann ekki jafngildur laga- og eftirlitsrammanum sem komið er á fót með þeirri reglugerð.
- 15) Því ætti að fella framkvæmdarákvörðun 2014/245/EB úr gildi.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarákvörðun 2014/245/ESB er felld úr gildi.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
